

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 83/2000**

**frá 2. október 2000**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn**  
**um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2000 frá 31. mars 2000<sup>(1)</sup>.
- 2) Rétt er að útvíkka samstarf samningsaðilanna þannig að það nái til aðgerðaáætlunar bandalagsins um að koma í veg fyrir meiðsl á fólki innan aðgerðarammans á sviði almannheilbrigðis (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 372/1999/EB)<sup>(2)</sup> og aðgerðaáætlunar bandalagsins um sjúkdóma, sem rekja má til mengunar, í tengslum við aðgerðarammann á sviði almannheilbrigðis (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1296/1999/EB)<sup>(3)</sup>.
- 3) Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta útvíkkaða samstarf geti hafist frá 1. janúar 2000.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 141, 15.6.2000, bls. 65 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 15.6.2000, bls. 23.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 46, 20.2.1999, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 155, 22.6.1999, bls. 7.

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 16. gr. í bókun 31 við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lok 1. mgr.:

- „- **399 D 0372:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 372/1999/EB frá 8. febrúar 1999 um samþykkt aðgerðaáætlunar bandalagsins um að koma í veg fyrir meiðsl á fólki innan aðgerðarammans á sviði almannaheilbrigðis (1999 til 2003) (Stjtið. EB L 46, 20.2.1999, bls. 1),
- **399 D 1296:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1296/1999/EB frá 29. apríl 1999 um samþykkt aðgerðaáætlunar bandalagsins um sjúkdóma, sem rekja má til mengunar, í tengslum við aðgerðarammann á sviði almannaheilbrigðis (1999 til 2001) (Stjtið. EB L 155, 22.6.1999, bls. 7).“

*2. gr.*

2. Eftirfarandi komi í stað textans í 2. mgr:

„EFTA-ríkin skulu taka þátt í áætlunum og aðgerðum bandalagsins sem um getur í fyrstu þremur undirliðum í 1. mgr. frá 1. janúar 1996, í áætluninni sem um getur í fjórða undirlið frá 1. janúar 1997, í áætluninni sem um getur í fimmta undirlið frá 1. janúar 1998, í áætluninni sem um getur í sjötta, sjöunda og áttunda undirlið frá 1. janúar 2000.“

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 15. desember 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

Hún gildir frá 1. janúar 2000

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 2. október 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*G. S. Gunnarsson*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*